

Nd.

469. Nefndarálit

[7. mál]

um frv. til laga um olíuhreinsunarstöð á Íslandi.

Frá minni hl. iðnaðarnefndar.

Með frv. þessu er gert ráð fyrir, að stofnað verði hlutafélag, er hafi það verkefni með höndum „að kanna aðstæður til að reisa og reka olíuhreinsunarstöð hér á landi og stuðla að því, að slíku fyrirtæki verði komið á fót“, eins og í frv. segir. Gert er ráð fyrir, að útlendir aðilar geti orðið þátttakendur í þessu hlutafélagi. Ég tel eðlilegt, að kaunnað verði, hvort hagkvæmt sé fyrir Íslendinga, að hér verði reist olíuhreinsunarstöð, og get fallizt á, að komið verði á fót hlutafélagi, er hafi þá athugun með höndum. Hins vegar er ég því mótfallinn, að stofnað verði til hlutafélags með erlendum aðilum í þessu skyni. Ég tel, að íslenskt félag geti leitað sérfræðilegra upplýsinga og aðstoðar eftir þörfum og þá einnig leitað til erlendra sérfræðinga, ef þess verður talin þörf. Ég legg því til, að frv. verði breytt á þá lund, að hér verði einvörðungu um hlutafélag innlendra aðila að ræða, og flyt breytingartillögu þar um á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 9. marz 1971.

Eðvarð Sigurðsson.